

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1217
komudagur 21.2.2003

Reykjavík 19.02.2003

Félagsmálanefnd Alþingis.

Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, 550. mál

Stjórn Félags ungra lækna (FUL) vill koma eftirfarandi á framfæri við Félagsmálanefnd, vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 46/1980.

Til að skýra merkingu 19. greinar b. (52. gr.a.), 2. töluliðar, um að hvaða leyti lækna í starfsnámi skulu vera undanþegnir ákvæðum þessa kafla [Hvíldartími, frídagar og hámarksvinnutími], teljur stjórn FUL nauðsynlegt að gera eftirfarandi orðalagsbreytingu: Í stað orðanna "sbr. þó" komi orðið "nema". Þetta ákvæði sem á við lækna í starfsnámi myndi því breytast þannig að í stað "Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:..... lækna í starfsnámi, sbr. þó 53., 54., 57. og 58 gr." komi "Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:..... lækna í starfsnámi, nema greinar 53, 54, 57 og 58.". Með þessari breytingu verður það afdráttarlaust að greinar 53, 54, 57 og 58 eigi við um lækna í starfsnámi, þótt aðrar greinar þessa kafla geri það ekki. Þannig verði komið í veg fyrir að réttindi (og skyldur) lækna í starfsnámi, hvað varðar skynsamlegan hvíldartíma, skerðist ekki frá því sem er í núgildandi lögum.

Virðingarfyllt.

F.h. Félags ungra lækna
Jóhann Elí Guðjónsson formaður.